

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 38/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Hafsteini Má Magnússyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 31. janúar 1995. Af hálfu ákærða er þess krafist, að beitt verði vægustu refsingu, er lög leyfa, og allur kostnaður sakar verði lagður á ríkissjóð. Jafnframt krefst ákærði lækkunar bótakröfu, sem dæmd var í héraði. Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þvingd og ákærði verði dæmdur til að greiða Jóhannesi Þór Ólafssyni 620.806 krónur í skaðabætur.

I.

Í máli þessu er ekki til úrlausnar að endurskoða niðurstöðu héraðsdóms um síðari lið ákæru.

Í lögregluskýrslu 5. mars 1994 hefur lögreglumaður eftir vitninu Jóhannesi Þór Ólafssyni, að ákærði hafi slegið það tvö til þrjú högg í andlit, skömmu áður en lögregla kom á vettvang þá um nóttina. Tveim dögum síðar ber vitnið fyrir lögreglu, að sig minni, að högginn hafi verið þrjú. Fyrir dómi skýrði þetta vitni hins vegar margsinnis svo frá, að högginn hefðu verið þrjú. Ákærði játar að hafa slegið vitnið Jóhannes eitt högg í andlitið, og hafi vitnið þá fallið á jörðina. Ákærði þvertækur á hinn bóginn fyrir, að högginn hafi verið fleiri.

Ekki hafa komið fram sönnunargögn, sem styðja framburð margnefnds vitnis um þrjú hnefahögg. Verður sá framburður því ekki lagður til grundvallar í málinu. Þykir þess vegna ósannað, að ákærði hafi slegið vitnið oftar en einu sinni. Með þessum athugasemdum og

að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvörðun hans um refsingu og sakarkostnað.

II.

Skaðabótakrafa Jóhannesar Þórs Ólafssonar er sundurliðuð í héraðsdómi. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákærða, að ekki væri andmælt bótakröfum vegna fata-tjóns, kostnaðar af læknishjálpi, greiðslu fyrir vottorð læknis og augnlinsur, samtals að fjárhæð 48.980 krónur. Kröfuliðir þessir eru studdir reikningum, og eru ekki efni til að dæma ákærða til að greiða tjónþola kostnað af lögmannsaðstoð vegna þeirra á grundvelli 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Kröfu Jóhannesar um bætur fyrir miska styður lögmaður hans við 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eigi eru skilyrði til að beita ákvæðum hennar í þessu máli. Í læknisvottorðum, sem liggja fyrir um áverka Jóhannesar, eru ekki nægar upplýsingar til þess, að kveðið verði á um fjárhæð þjáningabóta eftir 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga eða bóta fyrir varanlegan miska samkvæmt 1. mgr. 4. gr., en ákvörðun um miskastig, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, liggur ekki fyrir. Verður því að vísa miskabótakröfunni frá héraðsdómi svo og kröfu um þóknun lögmanns vegna hennar.

Samkvæmt því, sem áður var rakið, ber að dæma ákærða til að greiða Jóhannesi Þór Ólafssyni 48.980 krónur í bætur fyrir fjártjón. Enn fremur ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákvörðun um refsingu og sakarkostnað.

Ákærði, Hafsteinn Már Magnússon, greiði Jóhannesi Þór Ólafssyni 48.980 krónur í skaðabætur, en kröfu hans um bætur fyrir miska er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 2. janúar 1995.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. júlí 1994, á hendur Hafsteini Má Magnússyni, Starengi 4, Selfossi. Í ákæruskjali er ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

Fyrir eftirgreindar líkamsárásir á Selfossi á árinu 1994:

1.

„Aðfaranótt laugardags 5. mars fyrir utan Hótel Selfoss, Eyrarvegi 2, slegið Jóhannes Þór Ólafsson, fæddan 14. mars 1968, þrjú högg í andlit með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði, hlaut glóðarauga hægra megin og skurð á efri vör.

2.

Aðfaranótt sunnudags 17. apríl fyrir utan veitingastaðinn Gjána, Austur-vegi 2, slegið Hafstein Gísli Gunnlaugsson, fæddan 28. september 1962, í andlit með þeim afleiðingum, að hann kinnbeinsbrotnaði og hlaut glóðar-auga vinstra megin.

3.

Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefjast eftirtald-ir skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Jóhannes Þór Ólafsson, kt. 140368-3859, Stuðlum, Ölfusi, 620.806 kr.
2. Hafsteinn Gísli Gunnlaugsson, kt. 280962-3259, Reykjamörk 10, Hvera-gerði, skaðabóta úr hendi ákærða, 124.747 kr.“

— — —

II.*Fyrri ákæruliður.*

Eftir dansleik á Hótel Selfossi aðfaranótt laugardagsins 5. mars sl. stóð ákærði í illdeilum við félagu sinn fyrir utan hótelið. Kærandinn Jóhannes Þór Ólafsson sá þetta. Ákærði ber ekki á móti því að hafa slegið Jóhannes, en segir, að það eigi sér þá skýringu, að Jóhannes hafi togað í sig, og með því að Jóhannes hafi ekki sinnt beiðni sinni um að hætta, hafi hann snúið sér við og slegið Jóhannes eitt högg í andlitið og Jóhannes þá fallið í jörð-ina. Ekki kveðst ákærði hafa fylgst með Jóhannesi, eftir að hann féll í göt-una. Ákærði segir í þessu sambandi: „Hann féll niður, og ég skipti mér ekki meira af því.“ Eins og síðar verður að vikið, er framburður féлага ákærða ekki frekar upplýsandi í þessu sambandi.

Félagi ákærða, Einar, sem ákærði stóð í illdeilum við, hefur hér fyrir dóminum borið á sama veg og ákærði, og það gera einnig tveir aðrir kunn-ingjar ákærða, Kristján og Sverrir Jón. Enginn þeirra gat borið um, hvort Jóhannes Þór hefði hlotið áverka af völdum líkamsárásarinnar. Þannig segir vitnið Sverrir Jón, er það er spurt um þetta atriði: „Hann féll í götuna, og ég kem því ekki fyrir mig, hvað varð um hann eftir það.“ Vitnið Einar Björnsson segist ekki heldur hafa tekið eftir því, og það gerði ekki heldur vitnið Kristján Hilmarsson.

Kærandinn Jóhannes segir hins vegar, að hann hafi kallað til ákærða, sennilega til að fá ákærða til að hætta þeim illdeilum, sem hann stóð í. Ákærði hafi þá snúið sér við og slegið sig þrjú högg í andlitið, og kveðst hann hafa fallið í götuna við þriðja höggið. Kveðst Jóhannes hafa náð að standa upp og farið inn í húsið og hringt í lögreglu. Jóhannes neitar því al-gjörlega að hafa togað í ákærða. Hann segist ekki einu sinni hafa komið við hann, aðeins kallað til hans.

Svanur Kristinsson lögreglumaður, sem fór á vettvang ásamt öðrum lög-reglumanni, segir, að Jóhannes hafi verið blóðugur í andliti og með áverka í andliti. Hafi Jóhannes gefið þá skýringu á því, að hann hafi verið að koma út úr aðalinngangi hótelsins og séð þá ákærða og yrt á hann, en ákærði þá slegið sig tvö til þrjú högg í andlitið. Þar sem áverkar Jóhannesar hafi verið umtalsverðir, hafi honum verið ekið á sjúkrahúsið. Hafi Jóhannes verið með greinilega áverka á nefi, og hafi mátt greinilega sjá, að hann hefði fengið högg á það. Jóhannes hafi verið blóðugur í andliti og með skarð í vör. Lögreglumaðurinn sagði, að þar sem mikill mannfjöldi hefði verið fyrir utan hótelið og þeir fáliðaðir, hefðu þeir ekki haft tækifæri til að hafa uppi á ákærða í mannfjöldanum og litið á það sem forgangsverkefni að koma Jó-hannesi undir læknishendur.

Í áverkavottorði Ásmundar Jónassonar heimilislæknis, sem dagsett er 10. mars 1994, segir m. a.:

„Sjúklingur leitaði hingað 5. 3. '94 kl. 4.30 vegna andlitsáverka, kveðst hafa verið sleginn fyrir utan skemmtistað, trúlega ekki rotast. Er með rúm-lega 1 cm skurð á efri vör v. megin, alldjúpan, tennur heilar. Allnokkuð marinn yfir kinnbeini, drukkinn. Blóð í nefi. Hann er deyfður og sár saum-að. Endurkoma 2 dögum síðar, er þá kominn með allnokkurt glóðarauga, h. megin. Nef virðist vera nokkuð skekkt til vinstri. Rtg-mynd bendir til nýlegs brots á nefi. Sjúklingur hefur því verið óvinnufær a. m. k. í viku vegna þessa áverka og hlotið af töluverð óþægindi og vandræði.“

Fyrir liggur játning ákærða um, að hann hafi slegið Jóhannes Þór Ólafs-son fyrir utan hótelið aðfaranótt laugardagsins 5. mars sl., og það staðfesta

einnig félagar ákærða. Jóhannes Þór leitaði læknis strax eftir atburðinn. Reyndist hann vera neffbrotinn og með skurð á efri vör og glóðarauga við hægri auga. Ákærði neitar því ekki, að áverkarnir geti verið af sínum völdum, en vekur athygli á því, að með ólíkindum sé, að eitt högg geti valdið svo miklum áverkum.

Staðfastlega hefur vitnið Jóhannes Þór haldið því fram, að ákærði hafi slegið sig þrjú högg í andlitið og hann fallið í götuna við þriðja höggið. Félagar ákærða voru ekki yfirheyrðir við lögreglurannsókn málsins, og virðist það stafa af því, að rannsóknaraðilar hafi ekki vitað um tilvist vitnanna. Þótt félagar ákærða geti allir fullyrt, að ákærði hafi slegið Jóhannes Þór eitt högg í andlitið og Jóhannes Þór hafi við það fallið á jörðina, getur enginn þeirra borið um, hvort Jóhannes Þór hlaut af þessu áverka, og hlýtur það að teljast með ólíkindum með hliðsjón af því, að Jóhannes Þór var blóðugur í andliti og með greinilega áverka, er lögregla kom á staðinn. Verður að skoða framburð vitnanna að þessu leyti í því ljósi, að þessi vitni eru kunnngjar ákærða.

Kærandinn Jóhannes Þór hefur reynst staðfastur í framburði sínum, og við niðurstöðu málsins má leggja til grundvallar, að ákærði hafi slegið Jóhannes Þór þrjú högg í andlitið og að afleiðingar árásarinnar hafi verið þær, að Jóhannes Þór nefbrotnaði og hlaut glóðarauga við hægri auga og skurð á efri vör, en áverkavottorð, sem frammi liggur í málinu, getur um þessa áverka.

Með hliðsjón af játningu ákærða, en að öðru leyti samkvæmt framburði vitnisins Jóhannesar Þórs Ólafssonar þykir nægilega sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 5. mars 1994 slegið Jóhannes Þór Ólafsson, kt. 140368-3859, þrjú högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Jóhannes Þór nefbrotnaði, hlaut glóðarauga á hægri auga og skurð á efri vör. Efnislega er háttseminni þannig lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, og hún er þar réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Síðari ákæruliður.

Aðfaranótt sunnudagsins 17. apríl 1994 var kærandinn Hafsteinn Gísli Gunnlaugsson að biða eftir leigubíl fyrir utan Gjána á Selfossi, en þar hafði hann verið á dansleik. Hann var mjög ölvaður. Sakargögn bera með sér, að klukkan 3.59 hafi dyraverðir hússins gert lögreglu viðvart um, að inni í húsinu væri slasaður maður, og var hér átt við Hafstein Gísla. Lögreglumenn fóru með Hafstein á Heilsugæslustöð Selfoss, enda munu þeir hafa séð, að hann var með ljótt glóðarauga auk frekari áverka í andliti. Tveimur dögum

síðar, þriðjudaginn 19. apríl 1994, kærir hann líkamsárás til lögreglunnar í Árnessýslu. Ekki treystir hann sér til að benda á tiltekinn árásarmann, en segist þó hafa heyrt, að ákærði hafi verið valdur að henni. Hann telur, að árásin hafi orðið fyrir utan skemmtistaðinn. Hann segir lögreglu, að hann hafi verið sleginn niður og lent með hnakkann á steinbrún. Hann upplýsir, að hann hafi verið talsvert undir áhrifum áfengis og ekki hafi höfuðhöggið hjálpað upp á minnið. Hafsteinn segir lögreglu, að hann þekki ekkert til ákærða. Er vitnið Hafsteinn Gísli var hér fyrir dóminum spurður, hvenær vitnið hefði fengið upplýsingar um, hver hefði slegið það, sagði vitnið, að það hefði strax eftir helgina hringt í rannsóknarlögreglumanninn og viljað fá að vita hjá honum, hver hefði slegið sig. Næsta dag, það er sama dag og kærandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, sagðist vitnið hafa fengið að vita hjá rannsóknarlögreglumanninum, að ákærði hefði verið þar að verki, og taldi vitnið, að þær upplýsingar hefði rannsóknarlögreglumaðurinn fengið hjá dyraverði hússins. Læknisskoðun sýndi, að Hafsteinn Gísli Gunnlaugsson hafði kinnbeinsbrotnað og hlotið glóðarauga á vinstra auga.

Ákærði, sem kveðst lítið muna eftir sér umrædda nótt sökum þess, hve ölvaður hann var, neitar sök í málinu. Verður nú greint frá öðrum vitnaframburði.

Vitnið Ásbjörn Arnarson, dyravörður í Gjánni, segir, að er dansleiknum var lokið, hafi það séð kæranda Hafstein Gísla vera heilmikið ölvaðan að ónáða fólk með ölvun sinni. Hafsteinn Gísli hafi meðal annars ónáðað ákærða, sem hafi brugðist þannig við, að hann hafi „skallað“ Hafstein Gísla í andlitið, og við það hafi Hafsteinn Gísli fallið aftur fyrir sig á steinbrún. Vitnið minnti, að blætt hefði úr hnakka Hafsteins Gísla, en mundi ekki eftir frekari áverkum á honum. Ekki mundi vitnið til þess, að það hefði þurft að hafa afskipti af ákærða á dansleiknum.

Þá kom kunningi kæranda, vitnið Jón Ingi Bjarnþórsson, sem var með kæranda á dansleiknum, einnig fyrir dóminn við aðalmeðferð, en ekki var tekin skýrsla af vitninu, er málið var á rannsóknarstigi. Eftir þingfestingu málsins, þ. e. 20. september sl., var að tilhlutan ákæranda tekin lögregluskýrsla af vitninu. Vitnið kannaðist ekki við, að kærandi hefði verið að angra fólk fyrir utan danshúsið. Vitnið sá ekki ákærða skalla kæranda Hafstein Gísla, en sagði, að ákærði hefði hins vegar gengið að Hafsteini Gísla, öskrað og slegið hann síðan hnefahögg í andlitið. Við höggið hefði kærandinn Hafsteinn Gísli fallið aftur fyrir sig og lent á steinbrún.

Til að unnt sé að sporna við alvarlegum líkamsárásum þarf að koma til samvinna lögreglu og almennra borgara. Nauðsynlegt er, að slík samvinna heffist á vettvangi eða skömmu eftir atburði. Ef slíkrar samvinnu nýtur ekki

við og mál er illa rannsakað, kunna sönnunar- og sakargögn að spillast. Það er alkunna, að líklegra er, að unnt sé að koma lögum yfir áráðarmenn, ef mál er vel rannsakað. Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik, sem telja má honum í óhag, hvíla á ákærvaldinu.

Ákærði og kærandinn Hafsteinn Gísli voru báðir mjög ölsaðir. Ákærði man ekkert um atburðinn, og Hafsteinn Gísli veit ekki, hver sló sig, er hann leitar með málið til lögreglu. Þegar svo er, hefur vitnisburður dyravarðarins, Ásbjarnar, höfuðþýðingu fyrir úrslit málsins. Vitni þetta hefur reynst óstöðugt í framburði sínum. Það getur ekki staðfest, að ákærði hefi slegið Hafstein Gísla, en talar um, að hann hafi „skallað“ hann. Ljóst er, að háttsemislýsing í ákæru er að meginstofni til reist á lýsingu þeirri, sem vitni þetta gaf lögreglu á atburðinum, er það gaf skýrslu 27. apríl sl., en þar segir vitnið m. a.: „Mætti segist hafa séð, að Hafsteinn Már var eitthvað að angra annan mann þarna fyrir utan, og honum virtist Hafsteinn Gunnlaugsson vera að reyna að tala við nafna sinn, sem þá sló hann.“ Fyrir dómi lýsir vitnið atburðum með þessum hætti: „Vitnið kveðst hafa séð Hafstein Gísla, sem hafi verið heilmikið ölsaður, flangsa utan í fólk og þar á meðal ákærða, sem hafi brugðist þannig við, að hann hafi skallað Hafstein Gísla í andlitið með þeim afleiðingum, að Hafsteinn Gísli féll aftur fyrir sig á steinvegg.“ Sakfelling verður ekki einvörðungu reist á ótraustum framburði vitnisins Ásbjarnar Arnarsonar. Vitnið Jón Ingi Bjarnþórsson kemur ekki að málinu fyrr en eftir þingfestingu. Og með því að vitnin Ásbjörn og Jón Ingi eru ósamhljóða í framburði sínum, verður ekki hjá því komist sökum sönnunar-skorts að sýkna ákærða af síðari ákærulið, ákærulið II.

III.

Ákærði, Hafsteinn Már Magnússon, er sakhæfur, fæddur 19. maí 1973, og hefur hreint sakavottorð. Með hliðsjón af því sem og því, að árás ákærða á Jóhannes Þór Ólafsson, ákæruliður I, var tilefnislaus og olli Jóhannesi talsverðum líkamsmeiðslum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Fresta má fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

IV.

Skaðabótakrafa Jóhannesar Þórs Ólafssonar, kt. 140368-3859, er svo-
hljóðandi:

„Útlagður kostnaður vegna lækniþjónustu skv. meðf. reikn.	kr.	2.500
Rúllukragabólur eyðilagður	-	3.500
Jakki eyðilagður	-	19.900
Eitt par augnlinsur	-	20.200

Áverkavottorð	- 2.880
Miskabætur	- 500.000
Lögmannsaðstoð	- 57.692
Virðisaukaskattur á lögma-aðstoð	- 14.134
Samtals	kr. 620.806“

Í skaðabótakröfunni er að finna svohljóðandi rökstuðning fyrir miskabótakröfunni:

„Varðandi kröfu um miskabætur vísast til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Jóhannes Þór mun hafa hlotið talsverða líkamlega áverka af árásinni. Alvarlegastir voru áverkarnir á andliti Jóhannesar. Þessir áverkar munu hafa haft þjáningar í för með sér. Sérstök óþægindi bakaði áverkinn á efri vör auk nefbrotsins. Vegna áverkanna átti Jóhannes mjög erfitt með að borða venjulegan mat um tíma. Eins og læknisvottorð bera með sér, mun Jóhannes bera varanleg lýti í andliti vegna líkamsárásarinnar. Um er að ræða augljósa skekkju á nefi til vinstri. Auk þess ber Jóhannes áberandi ör eftir skurðinn á efri vör . . .“

Ákærði mótmælir bótakröfunni í heild sinni og telur hana allt of háa.

Krafa um útlagðan kostnað vegna lækniþjónustu er studd gögnum og verður tekin til greina. Bótaliðir 2 og 3 um eyðileggingu á fötum þykja eiga rétt á sér, enda ljóst, að ákærði sló Jóhannes Þór í götuna og blóð kom í rúskinnsjakka Jóhannesar og hann eyðilagðist, eins og fram kemur í lög-regluskýrslu. Í sömu skýrslu getur Jóhannes um það, að rúllukragabólur hafi rifnað. Kröfuliðir 2 og 3 verða að öllu leyti teknir til greina. Einnig verður 4. liður bótakröfunnar, augnlínsur, tekin til greina, en við árásina tapaði Jóhannes Þór augnlinsum sínum. Jóhannes Þór hefur lagt fram reikninga fyrir áverkavottorði, og verður 5. liður bótakröfunnar tekin til greina. Í áverkavottorði Ásmundar Jónassonar lækni frá 29. mars sl. kemur þetta fram: „Vísað er til fyrra vottorðs undirritaðs frá 10. 3. '94. Skoðun á Jóhannesi í dag, 23. 3. '94, leiðir í ljós væga skekkju á nefi til vinstri. Af og til finnur Jóhannes til þyngsla í nefinu, en eðlilegt loftflæði um nef. Auk þess er um 1 cm stórt ör á efri vör vi. megin. A. ö. l. ekki nein mein eftir líkamsárás 5. 3. '94.“ Ljóst er af fram lögðum áverkavottorðum, að hin ólögsmæta meingerð ákærða hefur valdið Jóhannesi Þór þjáningum og miska. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Lögmannsaðstoð, þ. e. 7. kröfuliður, verður tekin til greina með 35.000 krónum og 8. kröfuliður, virðisaukaskattur, með 8.575 kr. Bótakraf-an verður því tekin til greina með 242.555 krónum (2.500 + 3.500 + 19.900 + 20.200 + 2.880 + 150.000 + 35.000 + 8.575).

Eins og að framan greinir, var ákærði sýknaður af síðari ákærulið (ákæru-

lið II), og verður því samkvæmt 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 skaðabótakröfu Hafsteins Gísla Gunnlaugssonar, kt. 280962-3259, vísað frá dómi.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að ákærði greiði helming sakarkostnaðar, en ríkissjóður greiði helming. Skal ákærði greiða 27.500 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 27.500 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hrl., en ríkissjóður greiði 27.500 krónur í málsvarnarlaun verjandans. Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi, flutti mál þetta af hálfu ákærvalds.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Þar sem miklar embættisannir hvíldu á dómaraunum í jólamánuðinum, reyndist honum ekki unnt að kveða upp dóminn fyrir 20. desember sl., eins og ráðgert hafði verið, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Már Magnússon, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Hafsteinn Már Magnússon, kt. 190573-5089, greiði Jóhannesi Þór Ólafssyni, kt. 140368-3859, 242.555 krónur í skaðabætur, en skaðabótakröfu Hafsteins Gísla Gunnlaugssonar, kt. 280962-3259, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 27.500 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hrl., 27.500 krónur. Úr ríkissjóði greiðist helmingur sakarkostnaðar, þar með taldar 27.500 krónur til verjanda ákærða.